

Raskið bætt – Gildismat þjóðar

Andrés Arnalds, lektor
Landgræðsla ríkisins
Keldnaholti
andres.arnalds@land.is

Björn H. Barkarson, Umhverfisfræðingur
VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20
bjornh@vso.is

Frá því vélvæðing þjóðarinnar gekk að fullu í garð upp úr miðri 20. öld hefur mikið af landi raskast vegna framkvæmda, ekki síst vegna vegagerðar, orkuöflunar og stækkandi byggða. Heildaryfirlit yfir slíkt rask er ekki til, en til að gefa hugmynd um stærðargráður má nefna að a.m.k. 26.000 ha af landi hafa frá upphafi farið undir lón og veitur vegna raforkuframleiðslu og að árið 2007 fóru rúmir 180 ha af óröskuðu landi undir vegi og námur vegna vegagerðar. Rask eða tap á gróðri og jarðvegi vegna slíkra framkvæmda er misjafnt eftir aðstæðum, en ljóst er að framkvæmdir hafa haft mikil áhrif á vistkerfi landsins á liðnum áratugum. Upphaflega var lítt hugað að því að græða röskuð svæði, svo sem aflagðar námur og gróðursár vegna vegagerðar, og lengi vel var rutt ofan af landi eins og þurfa þótti. Úrrennsli og fok úr gróðursárum var algengt.

Með vaxandi umræðu upp úr 1970 um náttúruvernd og þörf fyrir átak í uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar hófu viðhorf gagnvart raski vegna framkvæmda að breytast. Um það leyti fól Vegagerðin t.d. Rannsóknastofnun Landbúnaðarins að gera víðtæka könnun á gróðurskemmdum vegna vegagerða, og í kjölfarið réðst Vegagerðin í þrekvirki við græðslu eldri og nýrra vegsára.

Sama gildir um aðra öflugra framkvæmdaaðila, s.s. Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélög; áhersla á að draga úr raski og bæta fyrir tjón á gróðri og jarðvegi hefur farið stöðugt vaxandi.

Verðmæti vistkerfa var lengi vel metið út frá gildi lands til beitar. Á slíkum forsendum byggðu t.d. samningar við nytjahafa lands um bætur vegna Blöndulóns, með uppgræðslu á um 3.000 ha vegna tæplega 5.000 ha gróins lands sem fór undir lónið. Viðmiðanir vegna landbóta byggjast nú í vaxandi mæli á vistfræðilegum grunni. Sama gildir um aðferðafræði vegna uppgræðslu í kjölfar rasks. Vegna Kárahnjúkavirkjunar voru t.d. stofnaðir sérstakir landbótasjóðir, sem tóku að hluta tillit til þeirra markmiða að endurheimta land með uppgræðslu á þann veg að það yrði með tímanum ígildi þeirra víðfeðmu vistkerfa sem hurfu undir lónin.

Í 17. gr. núgildandi laga um landgræðslu frá 1965 kemur fram að sá sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, sé skyldur að bæta þau. Í náttúruverndarlögum er hins vegar kveðið á um að hver sá sem veldur á ólögmetan hátt spjöllum á náttúru landsins skuli sæta refsingu. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum kemur aðeins fram að framkvæmdaraðili eigi að tilgreina s.k. mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Skipulag á svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstigi er vanrækt tæki til að minnka rask á vistkerfum, t.d. með mörkun stefnu um vernd og endurheimt gróðurs og jarðvegs og staðsetningu mannvirkja með hliðsjón af verndunarsjónarmiðum. Sík stefna hefði mikið gildi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og í útgáfu framkvæmdaleyfa. Jafnframt þarf að setja skýrari viðmiðanir um uppgræðslu vegna rasks og endurheimt gróðurs og jarðvegs á sambærilegan hátt og gert hefur verið m.a. vegna tjóns á votlendi. Síkt veltur á gildismati þjóðarinnar gagnvart landi sínu.